

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2025****2025/EES/46/28****frá 8. maí 2025****um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám
tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2742 frá 18. október 2024 um færslu heitis í skrána yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar (Urbezo (VUT)) ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8zn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1875) í I. viðauka við bókun 47 við EES-samninginn:

„8zo. **32024 R 2742**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2742 frá 18. október 2024 um færslu heitis í skrána yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar (Urbezo (VUT)) (Stjtið. ESB L, 2024/2742, 25.10.2024).“*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2742, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2742, 25.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2742/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.